

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 1/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 77/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/627/EB frá 17. október 1996 um framkvæmd
2. gr. tilskipunar ráðsins 77/311/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi
hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 77/311/EBE) í II. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- **396 D 0627:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/627/EB frá 17. október
1996 (Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 72).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 134, 7.5.1998, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7.5.1998, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 72.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/627/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner
